Skagafjörður

Skólastefna
Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Skólastefnan var samþykkt á fundi Fræðslunefndar
20. júní 2008 og á Sveitarstjórnarfundi 24. júní 2008

Hlutverk

- Hlutverk skóla í Skagafirði er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi í samvinnu við heimilin. Skólar í Skagafirði skulu hafa lýðræði, umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi í öllum sínum störfum.
- Skólar í Skagafirði eiga að stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Skólastarf skal einkennast af gagnkvæmri virðingu og vellíðan allra.
- Skólar í Skagafirði eiga að veita nemendum jafngild tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni. Skólastarf skal leggja grundvöll að sjálfstæði, skapandi hugsun og samstarfshæfni nemenda.

Framtíðarsýn

- Skólar í Skagafirði verði framsækin og metnaðargjörn skólasamfélög. Þeir bjóði upp á kjörumhverfi til náms í góðu samstarfi við heimilin og grenndarsamfélagið, þar sem nemendur öðlist þroska og menntun við hæfi.
- Nemendur séu vel undir framtíðina búnir, með góðan bóklegan, verklegan og félagslegan grunn. Skólagangan sé heildstæð og skólastig og -gerðir tengist saman með þarfir nemenda að leiðarljósi.
- Nemendur hafi ánægju af námi, beri virðingu hver fyrir öðrum og séu öruggir í heilbrigðu og hvetjandi skólaumhverfi.
- Skólar í Skagafirði hafi yfir að ráða hæfileikaríku og vel menntuðu starfsfólki og hvetjandi starfsumhverfi. Skagfirðingar séu stoltir af skólum sínum

Nám og kennsla (A)
Skagfirskir skólar

A1 - hafi vellíðan nemenda og hamingju að leiðarljósi

Markmið skagfirskra skóla eru:

að stuðla að heilbrigði skólabarna, jafnt andlegu, félagslegu sem líkamlegu með því að:

- vinna eftir heildstæðri lífsleikniáætlun sem allir taka þátt í
- gefa nemendum og starfsfólki kost á hollri máltíð á starfstíma skólans
- fylgja leiðbeiningum Lýðheilsustöðvar
- hafa markvissa stefnu þar sem almenn hreyfing og útivist er hluti námskrár

að nemendur finni fyrir öryggi í skólanum með því að:

- vinna markvisst að vellíðan nemenda
- eineltisáætlun sé fylgt
- vináttutengsl innan hópa og milli aldursstiga séu ræktuð með skipulegum hætti
- forvarnarstefna sé mótuð og henni fylgt eftir
- áfallaáætlun sé mótuð og henni fylgt eftir

A2 - bjóði upp á góða menntun við hæfi sérhvers nemanda

Markmið skagfirskra skóla eru:

að stuðla að fjölbreytni í náms- og kennsluháttum sem leiði til árangurs með því að:

- beina sjónum að námi hvers nemanda og haga kennslu í samræmi við það
- skapa svigrúm til þess að nemendur geti stundað nám á eigin hraða
- stuðla að samstarfi við framhaldsskóla um nám í einstökum áföngum
- stuðla að samstarfi skóla um námslega og félagslega þætti
- bjóða upp á fjölbreyttar valgreinar sem tengja nám, atvinnulíf og samfélag
- leggja áherslu á samvinnu, þemanám, fjölbreytt vinnubrögð, sköpun og frumkvæði
- þróa sveigjanlega kennsluhætti og fjölbreytt námsmat
- kenna námstækni og þjálfa nemendur í að beita henni

að börn og unglingar starfi án aðgreiningar með því að:

- í skólunum sé þekking til að sinna öllum nemendum
- jafnréttisstefna /-áætlun sé til í skólunum
- starfsfólk skólanna tileinki sér fjölmenningarlegt viðhorf
- nemendaverndarráð starfi við hvern skóla

að nemendur fái hvatningu til náms í samræmi við þroska og áhuga með því að:

- einstaklingsnámskrá sé lögð til grundvallar námi og kennslu nemenda með skilgreind frávik
- viðfangsefni séu þróuð til að koma til móts við bráðgera nemendur

- námsframboð sé þróað í átt að verkefnum sem taki mið af áhugasviði og stöðu einstaklinga
- starfsfólk hvetji nemendur og sé vakandi yfir þörfum þeirra

að nota fjölbreyttar leiðir við námsmat, sem nýtist markvisst til leiðsagnar, með því að:
- námsmarkmið séu nemendum og foreldrum ljós
- kennarar nýti leiðsagnarmat
- kennarar þekki leiðir til að meta stöðu og þroska nemenda
- greinandi próf og mat á námsstöðu séu nýtt með markvissum hætti

A3 - leggi áherslu á ástundun, námsárangur og vitneskju allra um eigin ábyrgð og skyldur

Markmið skagfirskra skóla eru:

að auka færni nemenda í ákvarðanatöku og, sjálfstæði og skapandi hugsun með því að:
- nemendur setji sér markmið og árangursviðmið
- ýta undir sjálfstæði nemenda og efla skapandi hugsun
- nemendur meti eigin árangur
- nemendur starfi samkvæmt einstaklingsáætlun sem þeir geri í samstarfi við kennara og foreldra

að árangur og vinnubrögð í námi og starfi, verði metin og endurskoðuð reglulega með því að:
- þeir móti sér stefnu um árangur þar sem lögð sé áhersla á að námsframvinda hvers nemanda sé í samræmi við getu hans og þroska
- vinna nemenda sé metin reglulega

að leggja áherslu á að rækta með nemendum sjálfstæð vinnubrögð og félagslega færni með því að:
- samskipta- og umgengnisreglur séu skýrar
- nemendur beri ábyrgð á náminu og taki virkan þátt í mótun skólastarfs
- skilningur sé á ólíkum þroska og námsleiðum barna

A4 - leggi rækt við sérstöðu skólaumhverfis síns, náttúrufar, sögu og menningu heimabyggðar

Markmið skagfirskra skóla eru:

að nemendur verði fróðir um náttúrufar, sögu og menningu Skagafjarðar með því að:
- grenndarkennsla sé tengd við almennt nám
- leiða sé leitað til að nám fari að hluta til fram utan skólans
- möguleikar samfélagsins, svo sem menningar-, lista- og vísindastofnanir, séu nýttar til náms

að sinna umhverfismálum á fjölbreyttan hátt með því að:
- móta sér umhverfisstefnu
- taka þátt í Grænfánaverkefni

Starfsumhverfi (B)
Skagfirskir skólar

B1 - bjóði nemendum samfelldan vinnudag sem skiptist í frjálsan leik, bóklegt nám, verklega þjálfun, iðkun lista og tómstundastarf

Markmið skagfirskra skóla eru:

að samfella verði í starfsemi skóla, skólastiga, skólagerða og æskulýðsfélaga með því að:

- samráð verði haft um skipulag skólastarfs og frístundastarfs
- séð verði um samgöngur frá skóla til frístundastarfs
- yngri nemendur eigi kost á heilsdagsvistun alla virka daga

að efla samvinnu og tengingu skóla við íþrótta- og æskulýðsfélög, menningarstofnanir og atvinnulíf með því að:

- nýta skólahúsnæði til frístundastarfsemi nemenda
- bjóða listastofnunum, menningar- íþrótta- og æskulýðsfélögum að kynna starfsemi sína í skólunum
- skapa nemendum og eldri borgurum tækifæri til samstarfs

B2 - leggi áherslu á að þar starfi áhugasamt, vel menntað starfsfólk sem hafi velferð nemenda að leiðarljósi

Markmið skagfirskra skóla eru:

að hækka hlutfall fagmenntaðra starfsmanna með því að:

- styðja og hvetja starfsmenn til menntunar
- styðja markvisst við nýliða í starfi með leiðsögn og handleiðslu

að stuðla að starfsþróun og efla fagmennsku með því að:

- hafa starfsmannaviðtöl reglulega
- skipuleggja öfluga endurmenntun starfsmanna
- skólar sveitarfélagsins hafi samráð um endurmenntun starfsmanna
- efla frumkvæði starfsmanna og hvetja til nýbreytni

að starfsmenn taki þátt í mótun starfs og stefnu skólanna með því að:

- taka þátt í endurskoðun skólanámskrár
- taka þátt í sjálfsmati skólanna
- gera áætlanir um þá þætti sem þarf að efla

B3 - séu eins vel búnir og öruggir og best verður á kosið, svo skólastarfið og staðblærinn geti blómstrað og nemendum og starfsfólki líði vel

Markmið skagfirskra skóla eru:

að stuðla að ánægju, öryggi og vellíðan starfsmanna í starfi með því að:

- móta starfsmannastefnu hvers skóla í samræmi við starfsmannastefnu sveitarfélagsins
- skipurit sé til fyrir starfsemina
- starfslýsingar séu til fyrir alla starfsmenn skólanna
- styðja og hvetja starfsmenn til líkamsræktar
- skapa sem bestan starfsanda

að starfsmenn og nemendur hafi góða vinnuaðstöðu með því að:

- skólarnir séu búnir góðum kennslutækjum og áhöldum og tryggð sé eðlileg endurnýjun þeirra
- skólarnir séu gerðir hlýlegir og vistlegir

að tryggja að húsnæði, leiksvæði og tæki séu við hæfi nemenda og starfsfólks með því að:

- gera aðkomu að skólunum örugga
- afmarka leiksvæði vel frá umferð ökutækja
- hanna húsnæði og útileiksvæði með þarfir og aðgengi nemenda og starfsmanna í huga
- forgangsraða viðhaldsverkefnum til lengri tíma
- uppfylla kröfur um öryggi húsnæðis og leiksvæða

að stuðla að því að starfsmenn og nemendur starfi í öruggu umhverfi með því að:

- gera rýmingaráætlanir fyrir skólana
- þjálfa starfsfólk og nemendur í viðbrögðum við hættu og fyrstu hjálp

Samskipti (C)
Skagfirskir skólar

C1 - vinni markvisst með foreldrum og veiti þeim tækifæri til þátttöku í skólastarfinu

Markmið skagfirskra skóla eru:

að virkja foreldra til þátttöku í námi og starfi barna sinna með því að:

- starfa með foreldraráðum og skólaráðum
- foreldrasamstarf sé skilgreint í skólanámskrám
- leita markvisst eftir mati foreldra á skólastarfi
- taka þátt í markmiðasetningu barna sinna og mati á árangri
- styðja við heimanám

að gagnkvæm og virk upplýsingamiðlun verði á milli heimila og skóla með því að:

- foreldrar séu upplýstir um skólastarfið
- heimasíður skólanna séu upplýsandi og foreldraráð/skólaráð geti nýtt þær til upplýsingagjafar
- fjölbreyttar leiðir séu farnar í foreldrasamstarfi

C2 - leggi áherslu á að mat á skólastarfi nýtist til að tryggja þróun og umbætur

Markmið skagfirskra skóla eru:

að nota sjálfsmat og ytra mat til að greina, meta og þróa starf skólanna með því að:

- þeim standi til boða ráðgjöf og reglulegar ytri úttektir
- nýta sjálfsmatsaðferðir sem meta alla starfsþætti
- nýta niðurstöður matsins til leiðsagnar og þróunarstarfs

C3 - starfi saman á forsendum allra skólagerða og -stiga

Markmið skagfirskra skóla eru:

að stuðla að öflugu samstarfi skólanna með því að:

- tryggja upplýsingastreymi milli skólanna
- huga sérstaklega að aðstæðum þegar nemendur flytjast milli skóla og/eða skólastiga
- virkja og nýta sérþekkingu starfsmanna
- samræma faglega þætti í skólastarfinu
- efla samstarf nemenda
- skilgreina áherslur í samstarfi í skólanámskrám
- leggja áherslu á samvinnu um símenntun
- samræma skóladagatöl
- stjórnendur skólanna hittist að minnsta kosti tvisvar á ári

C4 - veiti foreldrum, nemendum og starfsfólki stuðning og ráðgjöf vegna skólastarfs

Markmið skagfirskra skóla og skólaskrifstofu eru:

að styðja fjölskyldur nemenda við uppeldi og menntun þeirra með því að:

- gefa forráðamönnum nemenda kost á fræðslu, ráðgjöf og stuðningi
- greiður aðgangur sé að fagfólki og upplýsingum um úrræði
- taka þátt í samstarfi þeirra sem koma að málefnum einstakra barna og málefnum barna almennt

að styðja faglegt starf skólastjórnenda og starfsmanna með því að:

- veita kennurum og öðru starfsfólki ráðgjöf
- veita skólastjórnendum rekstrarlega ráðgjöf
- tryggja skilvirkar greiningar og ráðgjöf viðeigandi sérfræðinga
- stuðla að þróun í skólastarfi með leiðsögn, námskeiðum og fyrirlestrum
- hafa yfirsýn yfir þá endur- og símenntun sem býðst starfsmönnum skólanna heima í héraði og stuðla að því að sem flestir geti nýtt sér fræðsluna

að fylgjast með gæðum skólastarfs og stuðla að leiðum til að auka þau með því að:

- veita ráðgjöf vegna sjálfsmats og ytra mats
- vinna markvisst úr upplýsingum svo sem sjálfsmati, niðurstöðum samræmdra prófa og öðrum upplýsingum sem nýtast til eflingar skólastarfs

Skólaskrifstofa Skagafjarðar

Meginmarkmið skólaþjónustu sveitarfélagsins er að veita ráðgjöf í leik-grunn- og tónlistarskólum og tengdum um stofnunum.

Ráðgjafaþjónusta skólaskrifstofu aðstoðar meðal annars við:

- Að greina námsvanda leik- og grunnskólanemenda
- Athuganir og ráðgjöf vegna tilfinninga- og hegðunarvanda leik- og grunnskólabarna
- Að skipuleggja og leita úrræða vegna náms og kennslu leik- og grunnskólanemenda
- Skipulagningu fræðslufunda og námskeiða fyrir skólafólk, foreldrafélög og aðra
- Áætlunargerð og þróunarstarf skóla

Verkefni skólaskrifstofu eru auk þess:

- Að hafa umsjón umsjón með fjárhagsáætlunum og fjárhagseftirliti skóla og tengdra stofnana
- Að sinna upplýsingaöflun, miðlun, ráðgjöf, skýrslugerð og úttektum á sviði fræðslumála
- Að vera tengiliður við önnur skólastig og yfirvöld skólamála

www.skagafjordur.is
✆ 455 6000

Skagafjörður

Útgefandi:
Sveitarfélagið Skagafjörður
Uppsetning:
Nýprent ehf.
Myndir:
Starfsfólk Svf. Skagafjarðar, Nýprent ehf og Hinir sömu sf.